

Sameiginlegur fundur LH, FT og FHB um stöðu smitandi hósta í hrossum á Íslandi í dag

17.ágúst 2010

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Haraldur Þórarinnsson (HÞ) býður fundargesti velkomna fyrir hönd LH, FT og FHB. Segir tilgang fundarins að fræðast um stöðu hóstapestarinnar á Íslandi í dag. HÞ tilnefnir **Ágúst Sigurðsson (ÁS)** sem fundarstjóra og ÞG sem fundarritara.

ÁS tekur til máls, þakkar traustið, kynnir dagskrá fundarins, minnir á tímamörk fundarins og býður fyrsta frummælanda, **Vilhjálm Svansson (VS)** dýralækni og veirufræðing velkominn.

1. **VS** tekur til máls. Kynnir glærufyrirlestur á skjá, „Veirufræðilegar rannsóknir á orsökum smitandi hósta í hrossum 2010“. VS segir smitsjúkdómastöðu íslenska hrossastofnsins mjög sérstaka og að það séu nokkrar ástæður fyrir því að hestarnir okkar séu að taka upp þetta smit. Það eru mörg þekkt smitefni erlendis sem er ekki að finna í hrossum hér og því er engin ónæmisreynsla í íslenska hrossastofninum gegn mörgum smitefnum sem eru landlæg erlendis. VS segir að þau smitefni sem er að finna hér hafa komið með landnámshestinum, innflutningi eða með Íslendingum sjálfum. VS Skýrir frá því að frá landnámi og til ársins 1989 eru bara tveir þekktir faraldrar í hrossum herlendis. En frá árinu 1990 til ársins 2010 eru merki um 7 ný smitefni og 5-6 faraldrar af þeirra völdum. Faraldrar hérlendis eru því að verða tíðari með árunum.

Faraldrar 1989 – 2010:

1989-90 öndunarfærasmít

1993-94 aukin tíðni á kvefi í hrossum

1995-96 húðsveppasýning

1998-99 Hítasóttin

2004 hvarma og hornhimnubólga

2010 “Smitandi hósti”

VS greinir frá eiginleikum veira. Þær séu miklu minni en bakteríur, eru flokkaðar eftir gerð, stærð og útliti. Veirur eru smitefni og sameiginlegt með þeim öllum er að þær þurfa að komast inn í frumu til að fjölga sér. Geta ekki fjölgað sér utan frumu. Til að greina hverja veiru þarf sértækt próf. VS segir frá því hvernig veirur eru greindar. Annarsvegar með beinni greiningu; veirurækt, rafeindasmásjárskoðu og greiningu á erfðaeefni (PCR). Hinsvegar með óbeinni greiningu s.s. með mótefnamælingu á sermi.

VS segir frá því að í dag sé vitað um 12 þekktar veirutegundir í íslenska hrossastofninum. Þar af eru 7 sem valda öndunarfærasykingum.

VS greinir frá þeim veirurannsóknum sem búið er að framkvæma. Sýni hafa ekki bara verið rannsökuð á Íslandi heldur einnig í Svíþjóð og í Þýskalandi.

VS greinir betur frá herpesveirunni og frá eiginleikum hennar. Segir frá því að herpesveirurnar séu mjög stór fjölskylda og skiptist í þrjá undirfjölskyldur. Ef maður sýkist af herpes þá er maður sýktur allt sitt líf. Í frumsýkingu á sér stað fjölgun á veirunni inn í frumunni og fruman drepst. Eftir það leggst hún í dvala. Í dvalanum er engin veiruframleiðsla. Ónæmiskerfið heldur henni niðri, en ef maðurinn verður fyrir t.d. álagi, þá getur veiran aftur farið að fjölga sér.

VS greinir svo ítarlega frá hverri og einni tegund herpesveira og hvaða rannsóknir og mótefnamælingar hafa átt sér stað hérlandis.

Herpes 1:

Versta herpesveiran er herpes 1 og er náskyld herpes 4 sem er að finna í íslenska hrossastofninum. Árið 1981 var fyrst greint á milli herpes 1 og herpes 4. Herpes 1 veldur öndunarfærasýkingum, fórsturláti og lömun. Hún er algengasta orsök fyrir fórsturlátum í hryssum um allan heim. Hún er landlæg í hrossum um allan heim nema á Íslandi. Ísland er eina landið í heiminum þar sem ekki hefur greinst herpes 1.

Herpes 4:

Herpes 4 er algengur um allan heim. Frumsýking á sér stað í folöldum og veturgömlum tryppum. Hún veldur hita og hor í nösum. Mælingar sýna að 99,5% af íslenskum hrossum hafa mótefni gegn herpes 4.

Herpes 2 og 5:

Allir hrossastofnar í heiminum smitaðir af herpes 2 og herpes 5. Folöld sýkjast 1-6 mán gömul, fyrst af mæðrum sínum og síðar af öðrum hrossum. Endursýkingar eru tíðar því til eru mörg mismunandi afbrigði af herpes 2 og herpes 5. VS telur líklegt að hvert hross geti haft mörg afbrigði af veirunum. Báðar veirurnar greinast í hárrí tíðni í heilbrigðum hrossum en hafa einnig verið tengdar ýmsum sjúkdómum í hrossum s.s. augnsýkingum, lungabólgu og sýkingum í efri hluta öndunarvegs. Þessar veirur voru ræktaðar í fyrsta skipti úr hrossum hérlandis við rannsóknir á hitasóttinni.

VS greinir frá öllum þeim prófum sem gerð hafa verið á herpes 2 og herpes 5. Gerð voru próf á mismunandi aldurshópum hrossa og fannst veiran í nánast öllum hrossum.

Því næst fjallar VS um reoveirur og hvaða rannsóknir hafa átt sér stað hérlandis og erlendis á þeim.

VS segir frá því að einkennum sýkinga með reoveiru 1, 2 eða 3 sé t.d. vatnskennt nefrennsli, hósti, þröttleysi.

Greinir frá því að við rannsóknir á smitandi hósta hafa fundist mótefni gegn reovírus 1 í íslenska hrossastofninum.

Síðast fjallar VS um rhínóveirur og hvaða rannsóknir hafa átt sér stað á þeim.

VS greinir frá því að hestar geta verið heilbrigði smitberar í langan tíma en vírusinn er landlægur í hrossum um allan heim. Rhinoveirur 1 og 2 virðast hafa borist hingað til lands eftir árið 1989 og eru nú landlægar hér í hrossum. Veirurnar valda öndunarfærasýkingum en einkennalausar sýkingar eru algengar.

VS segir frá því að veirurannsóknir séu enn í gangi vegna þessa sjúkdóms, smitandi hósta. Á Keldum og í Svíþjóð eru í gangi viðamiklar tilraunir til veirueinangrunnar í ýmsum frumulínum með efnivið úr hrossum sem voru með hósta. Í Svíþjóð er einnig farið af stað stórt verkefni þar sem verið er að leita að óþekktum veirum í hrossum.

Samantekt og lokaorð úr fyrirlestri VS:

Við veirufræðilegar rannsóknir á orsökum smitandi hósta hefur ekki verið hægt að sýna fram á, að nein af þeim veirum sem lýst hefur verið í öndunarferasýkingum í hrossum sé frumorsök faraldursins .

Að lokum greinir VS frá aukinni hættu að smitefni berist til landsins við sífellt meiri vinsældum íslenska hestsins. Bendir þar á aukna tíðni faraldra hérlendis á síðustu 20 árum. VS telur að öllu óbreyttu sé smitandi hósti ekki síðasti faraldurinn sem mun herja á hesta hérlendis.

ÁS þakkar VS fyrir fyrirlesturinn og býður næsta mælanda velkominn, **Eggert Gunnarsson (EG)** dýralækni og bakteríufræðing.

2. **EG** tekur til máls og greinir frá því að streptókokkar hafa ræktast úr nær öllum sýnum úr hrossum sem voru með hósta og litað hor. Þeir hafi ekki ræktast úr hrossum sem voru með glært hor né úr heilbrigðum hrossum. EG greinir frá því að streptókokkarnir sem um sé að ræða og séu orsökina fyrir faraldrinum heiti: **Streptococcus equi subsp. Zooepidemicus**

Zooepidemicus er náskyldur *Streptococcus equi* subsp. *Equi* sem veldur kverkeiðlabólgu.

Zooepidemicus er hinsvegar tækifærissýkill og kemur oftast í kjölfar veirusýkinga.

EG greinir frá því að til þess að átta sig betur á sjúkdómnum hafi verið sett upp rannsókn/tilraun. Tilgátan var sú að veirusýking væri frumorsökin og í kjölfarið kæmi bakteríusýking. Tilgangur rannsóknarinnar var að einangra smitefnið, finna út lengd meðgöngutíma, skoða sjúkdómseinkennin og fleira. Þremur heilbrigðum hrossum var komið fyrir í smituðu umhverfi, fylgst með þeim daglega, tekin blóðsýni og stroksýni. Hestarnir voru svo aflífaðir og krufnir. Tilraunin leiddi í ljós að eftir 1-1,5 viku fór að bera á glæru hori. Eftir 3-3,5 vikur kom fram litað hor og á sama tíma fór að bera á hósta. Ekki varð vart við hækkun á líkamshita né breytingar á blóðmynd. Óveruleg áþreifanleg stækkun á eitlum og smá roði í slímhúð.

Um leið og vart var við hósta og litað hor þá ræktaðist *S.zooepidemicus* úr sýnum.

EG segir frá því að við krufningu fundust smávægilegar stækkanir á kjálkabarðseitlum í einum hesti, mikið slím í öndunarveginum frá nefholi og niður í berkjur og smávægilegar punktblæðingar í slímhúðinni. Væg til miðlungs bólga í barka, berkjum og nefholi hafi einnig fundist í efsta lagi slímhúðarinnar. Bakteríurannsókn sýndi fram á mikinn vöxt *zooepidemicus* á yfirborði slímhúðarinnar en ekki í líffærum. Sýking veldur bólgu í efstu lögum slímhúðar frá nefi og niður í berkjur og veldur það mikilli slímmyndun í öndunarvegi. Veldur ekki hita, né eitla- eða lungnabólgu. Einkennin má að stórum hluta rekja til streptokokkasýkingar. Slím og erting í öndunarvegi framkallar svo hósta.

EG telur að bakterían sé megin orsök þessa sjúkdóms, smitandi hósta í hrossum.

EG greinir frá því að hestarnir sem voru aflífaðir fyrir þessa tilraun voru tiltölulega stutt komnir á veg í sjúkdómsferlinum og voru vel á sig komnir. Ítrekar að það sé misjafnt hvernig hross fara í gegnum sjúkdóminn, sumir fara verr en aðrir. Dæmi um fylgikvilla sjúkdómsins eru m.a. júgurbólga og lungnasýkingar. Júgurbólga hefur greinst í einu hrossi og á Keldum hafa verið krufðir tveir hestar með heiftarlega lungna- og brjósthimnubólgu.

EG greinir frá rannsóknum erlendis. Erlendis eru öndunarfærasýkingar algengar í veðreiðahestum í þjálfum. Einkenni þeirra svipar til smitandi hósta hér. Á seinni árum hefur komið fram aukin tíðni öndunarfærasýkinga í hrossum sem ekki hefur verið hægt að rekja til veirusýkinga. Telja menn að sterk tengsl eru á milli zooepidemicus og þessara sjúkdóma. Hugsanlega sé bakterían frumorsök. Erlendis leggjast þessir sjúkdómar frekar á yngri hross.

EG greinir frá því að nú sé byrjað að rannsaka erfðaefni bakteríanna. Upphaflega bakterían greinist í fjölmörg afbrigði, amk 237 mismunandi afbrigði eru til af þessari bakteríu. Það skýrir hversvegna sjúkdómurinn sé svona lengi að fara í gegnum stofninn og það sé erfitt að framleiða bóluefni gegn þessari bakteríu.

Nú þegar er byrjað að leita í gagnabönkum erlendis og þar hafi fundist samsvörun en það þarf að skoða það betur.

Í samantekt segir EG að smitandi hósti í hrossum sé að öllum líkindum sýking af völdum zooepidemicus. Bakterían valdi bólgu í öndunarvegi og mikilli slímmyndun. Það valdi hóstaviðbrögðum og slímkenndri útferð. Þessi sjúkdómur er þekktur erlendis en leggist þá helst á ung hross. Bakterían veldur ekki drepsótt en getur þróast í alvarlegri sjúkdóm ef hrossin eru undir álagi, illa á sig komin eða við slæman aðbúnað. Yfirstandandi rannsóknir leiða hugsanlega í ljós uppruna sýkingarinnar.

ÁS þakkar EG kærlega fyrir góðan fyrirlestur og býður **Sigríði Björnsdóttur (SB)** dýralækni hrossasjúkdóma og MAST velkomin.

- 3. SB** segir frá því að gríðarleg rannsóknarvinna liggi að baki og að dýrmæt vitneskja hafi fengist útúr þeirri vinnu. Hún rekur söguna frá upphafi sjúkdómsins, hvernig hann dreifðist um landið og breiddist út.. Í byrjun blasti við bráðsmitandi mynd þar sem mikið smitmagn var í umferð. Smitefnið hafði magnast upp í hesthúsaðverfum og breiddist auðveldlega út. Fljótt kom í ljós að meðgöngutími sjúkdómsins væri langur og mun lengri en þekktist meðal veirusýkinga. Strax í upphafi var ljóst að veikin væri komin víða um land og því var ákveðið að virkja ekki viðbragðsáætlun það var hreinlega of seint. Veikin berst fyrst og fremst á milli hrossa með snertingu, nef í nef en getur einnig borist með óbeinum hætti, þ.e. með mönnum og tækjum. SB greinir frá því að fyrstu niðurstöður úr veirurannsóknum hafi borist 16.apríl og gáfu þær til kynna að ekki væri um að ræða neinn þekktan, alvarlegan öndunarfærasjúkdóm. Fréttatilkynning um það var svo send út til allra miðla 19.apríl.

SB vekur athygli á því að hestatengd starfsemi sé hvergi skráð eða skilgreind. Erfitt sé því að fá heildar yfirlit yfir stöðuna. Hún segir gott samstarf hafi allan tíman verið við samtök innan hestamennskunnar. Mikið hafi verið lagt upp úr upplýsingaflæði og yfir 20 pistlar og tilkynningar hafi verið birtar á netmiðlum hestamennskunnar og er þeim öllum haldið saman á sérstökum borða á vefsíðu MAST og LH. Auk þessa hefur fjöldi greina og viðtala birst í blöðum, tímaritum og á ljósvakamiðlum. Í samstarfi við FH og héraðsráðunauta hefur MAST tekið saman netfangalista yfir 250 hestamiðstöðvar, þar af séu 200 virk netföng.

SB segir frá netkönnun sem framkvæmd var á meðal þessara hestamiðstöðva, þar sem um 60 svör bárust úr öllum landshlutum. Úr könnuninni má lesa að faraldurinn hafi náði hámarki í húshrossum um apríl-maí. Smitið hafi verið í hámarki 2-4 vikum þar á undan. Útigangshross hafa tekið veikina seinna. SB greinir frá því að í stóðhestagirðingum séu greinileg merki um endursmit.

SB segir frá því að í upphafi faraldursins hafi verið talið að um veirusjúkdóm hafi verið um að ræða. Því hafi verið gert ráð fyrir að veikin gengi yfir. En með tímanum hafi það komið í ljós að svo var ekki.

SB greinir frá því sem vitað er í dag um hegðun sjúkdómsins. Algengasta smitleiðin er beint snertismit. Þó hafi í vor verið mikið um óbeint smit þar sem smitefnið náði að magnast mjög mikið upp. Þá voru öll hross afar móttækileg fyrir sýkingunni. **Óbeint smit;** Hesthús: Flest hross farin að hósta eftir 4-6 vikur. Útihross: Flest hross fá væg einkenni.

Beint smit; Hesthús: Flest hross farin að hósta eftir 2-3 vikur. Útihross: Mörg hross farin að hósta eftir 2-6 vikur.

SB útskýrir sjúkdómsferilskúrfuna sem var dreginn upp eftir því hvernig þetta kom fyrir í stórum hesthúsum í byrjun, s.s. í 50 hesta húsi á Hólum. Hún segir faraldsfræðilegar athuganir benda til að smitaður hestur fari ekki að smita frá sér fyrr en hann byrji að hósta og kemur það heim og saman við bækteríuræktun. Það fari svo verulega eftir umhverfisaðstæðum hversu lengi sjúkdómurinn varir. Smitalagið hefur afgerandi áhrif á hversu langvarandi og alvarleg einkennin verða. Endursmit kemur fram við aukið smitálag en það eru fyrst og fremst veik hross með hósta og hor sem viðhalda smitinu. Óbeint smit ekki eins öflugt og áður og bendir það til að ónæmi sé smám saman að byggjast upp í hrossastofninum. Margt bendir til að hross sem aðeins fengu væga sýkingu séu berskjaldaðri fyrir endursmiti en hin sem meira veiktust.

SB segir stóru spurninguna í dag vera hvernig megi draga úr endursmiti? Það sé hægt að gera með því að forðast að veikir hestar séu í snertingu við heilbrigða hesta og hún telur að rétti tíminn til þess komi með haustinu, þá verði að flokka hestana m.t.t. smithættu. Hún segir að það verði að hreinsa og sótthreinsa hesthúsinu. Reyna að draga úr þéttleika hrossanna á húsi, bæta loftræstingu hesthúsanna og auka útiveru þeirra.

SB segir það alveg ljóst að þetta smitefni sé komið til að vera og við verðum því að lifa með þessu í okkar hestamennsku. Stofninn mun byggja upp þokkalega mótstöðu gegnveikinni en hún mun ekki hverfa.

SB segir frá nokkrum atriðum sem vert er að hafa í huga þegar hestar verða teknir á hús í vetur.

- Gæta þess að hestarnir hafi verið einkennalausir í mánuð og komi úr einkennalausum hjörðum. Ekki taka inn nýja hesta í hjarðirnar. Verra að hjarðirnar séu mjög stórar.
- Taka hóstandi hesta tafarlaust úr húsunum. Vera með í bakhöndinni stað fyrir veika hesta. SB segir það enga tilviljun að hámark veikinnar hafi verið í apríl þegar innivera hrossa hafi verið í hámarki.
- Auka smitvarnir almennt. Auka hreinlæti og þrifa vel reiðtygi.
- Hafa hrossin undir góðu eftirliti og þá sérstaklega útgangshrossin, grípa strax inní ef hross fara að veikjast. Huga vel að aðbúnaði og fóðrun hrossa og passa upp á ormalyfsgjafir.

Að lokum segir SB að það eigi að vera hægt að koma í veg fyrir nýjan faraldur og stórfellt tjón. Hún segir afar líklegt að þessi veiki sé komin til að vera.

ÁS leggur til að nú verði tekið kaffihlé í 15 mín. Eftir kaffihlé tekur til máls **Gunnar Örn Guðmundsson (GÖG)** dýralæknir.

4. **GÖG** tekur til máls og greinir frá stöðu útflutningshrossa. Hann segir að 10.maí 2010 hafi síðasta vél með hrossum farið út til Svíþjóðar. Segir það miður að þeir hafi farið út því það kom svo í ljós að nokkrir hestar veiktust eftir að þeir voru komnir út. Hann hefur fengið fréttir af þessum hestum og segir að þeir hafi jafnað sig og ekki vitað til þess að þeir hafi smitað út frá sér.

Hann segir frá því að í reglum ESB sé gerð krafa um að hrossin séu heilbrigð og hafa ekki verið í samgangi við aðra hesta sem hafa aðra heilbrigðisstöðu síðustu 30 dagana fyrir útflutning, 60 daga fyrir USA.

GÖG segir að í dag bíði um 250 hross eftir útflutningi. Stefnan sé sett að hefja útflutning aftur um 15.september 2010.

GÖG segir nauðsynlegt að halda hrossum sem eiga að fara til útflutnings í 30 daga heimaíngrun til að draga megí úr hættunni að hross beri með sér smitandi hósta. Útskýrir heimaíngrunina nánar og segir að lýsingu hennar megí finna á heimasíðu MAST. Sýnir svo eyðublað sem þurfi að fylla út vegna heimaíngrunar hrossa vegna smitandi hósta.

ÁS þakkar fyrirlesurum fyrir erindi sín. Hann leggur það til að framlengja fundinn um hálf tíma, til 20:30. Ákveðið að fundargestir beri upp spurningar sínar, 3-4 spurningar lagðar fram í einu og svo svara fyrirlesarar þeim öllum í einu. Orðið gefið laust.

Björgvin Þórisson (BÞ), spyr um næmni bakteríunar fyrir sýklalyfjum?

Ef hún myndar ónæmi fyrir einni serótýpu, myndast þá ónæmi fyrir öllum týpunum? BÞ greinir frá því að hann hafi haft hross til meðhöndlunar sem voru búin að vera 5 daga á sýklalyfjum þegar að þau veikjast.

Svar EG: Segir streptókokka vera næma fyrir pensilíni og það eigi að nota pensilín til meðhöndlunar á veikum hrossum. Segist ekki vita hvort að um sé að ræða mismunandi serótýpur.

Guðmar Aubertsson (GA) spyr um hver sé ábyrgð dýralæknisins eftir að hestar séu komnir erlendis og hver sé ábyrgð umráðamanns?

Svar GÖG: Ábyrgð dýralæknis sem skrifar undir sé venjuleg vottorðagjöf. Hann segir að hestar séu

skoðaðir áður en þeir fari út. Ef einn hestur sé veikur þá fellur sá útflutningur niður og það fari enginn hestur út. Ef hestur hefur verið heilbrigðisskoðaður heima og svo aftur á útflutningsdegi þá sé ekkert meira hægt að gera.

Kristinn Hugason (KH) spyr; *Hvað er átt við með slæmum útbúnaði útigangshrossa?*

SB svarar: Með slæmum aðbúnaði á ég við að það vanti fóður, vatn og skjól. Segir að alltof mikið sé um að hestar á haustbeit séu eftirlitslausir, þá fari hestamenn gjarnan í frí frá hestamennskunni. Það þurfi að bæta úr því og hestamenn þurfi að hafa mjög gott eftirlit með hrossum sínum og grípa inn í þau tilfelli sem þarf að meðhöndla.

KH segir að hann hafi aldrei upplifað það að nota lyf of mikið. Hann vill að hross séu meðhöndluð nógu fljótt með nógu sterkum lyfjum því öflug meðhöndluð kveður niður sjúkdóminn.

Svar EG: Þessi sjúkdómur er bara á yfirborði slímhúðarinnar og því erfiðara fyrir sýklalyfin að ná til bakteríunnar. Hinsvegar þegar meiri sýking er komin þá á að kýla í hrossin lyf. Með yfirborðssýkingu þá er það ekki gefið að fúkkalyfin virki alltaf en Streptókokkar eru næmir fyrir pensilíni. Hann segir það líka að vaxandi ónæmi gegn fúkkalyfjum sé eitt alvarlegasta heilsufarsvandamál í heiminum í dag. Það sé ekki gott að nota fúkkalyf nema rík ástæða sé til. Ef sjúkdómurinn er vægur þá eiga hrossin að komast yfir hann sjálf. En ef það kemur fram hiti og slím/gröftur þá eigi að fúkkalyf.

Guðmar Aubertsson (GA):

- *Spyr hvernig það sé að bakterían greinist á 1-1,5 viku.*

Svar EG: Segir að bakterían setjist á yfirborðið og bindst við slímhúðina. Það sé samhengi á milli sjúkdómseinkenna og fjölda baktería. Sjúkdómurinn sé til staðar þó að hann komi ekki fram í nefstrokusýni.

- *Hvetur til þess að útskýrt sé betur fyrir hestamönnum hvenær eigi að setja hóstandi hesta út og hvenær eigi að taka veika hesta inn. Hinn almenni hestamaður er mjög ringlaður í sambandi við þetta.*

Svar SB: Hross með tiltölulega væg einkenni hafa það best á útigangi ef þau hafa gott skjól, nægt vatn og fóður. Sömuleiðis geta hross verið úti þó þau þurfi meðhöndlun ef þau eru að öðru leyti í góðu standi og veður sé skaplegt. Segir það vonlaust og jafnvel hættulegt að hýsa heilu stóðin þó vart verði við einkenni veikinnar í haust. Hvað varðar hross með hita eða alvarlegri einkenni getur þurft að útvega hússkjól þar sem ekki er hætt á að veika hrossið smiti út frá sér. Hver og einn hesteigandi þarf því að gera sína eigin viðbragðsáætlun gagnvart sjúkdómnum. Hvað ætla þeir að gera við hóstandi hross og hvert ætla þeir að setja þau því þeir verða að taka þau út úr hesthúsunum og frá heilbrigðum hrossum. Segir stærsta vandamálið verða þétta hesthúsahverfin.

Björn Steinbjörnsson (BS) spyr *hvaða lyf eigi að nota í stórum hópi hrossa? Hvort að það eigi ekki fyrst að taka næmnispróf? BS spyr einnig hvort að þessi sýking nái til lungna, bendir á aukna hækkun á öndunartíðni.*

Svar EG: Telur aukna hækkun á öndunartíðni ekki marktækar. Hann segir þessa sýkingu á smitandi hósta fari alla jafna ekki niður í lungu.

Björgvin Þórisson (BP) segir að streptokokkar séu tækifærissýking og spyr hvort að það geti verið að önnur orsök liggja að baki? Spyr úti hækkun á títer á mótrefnum gegn herpes 2 og 5.

Svar EG: segir að nú sé farið að horfa meira á zoonotic sem frumorsök. Oft yfirsýggi þeir þó aðrar sýkingar eins og kverkeittabólgu. Það voru send út sýni frá okkar hrossum og það greindist ekki nein alvarleg undirliggjandi kverkeittabólgu- eða veirusýking sem betur fer.

Svar VS: segir að engin hækkun hafi fundist við ELISA-mótefnaþæfingar fyrir herpes 2 og 5 veirum á Keldum en hækkun í EHV-5 afvirkjandi mótefnum sem fannst við rannsóknir á vegum Björns og Susanne Braun í Þýskalandi bendi til að einhver endurvakning á gammaherpesveirum eigi sér stað í hrossum með smitandi hósta.

Kristinn Hugason (KH) spyr aftur um samspil meiri lyfjanoðkunar og minnkunar smitefnis. Spyr hvort að þessi kenning um bakteríuónæmi eigi við í búfjárfstofninum þó að hún eigi við í mannalækningum. Telur að það þurfi að endurskoða þessi mál, hestadýralæknar hafa verið að nota lyfin við góðan árangur. KH hvetur til þess að nota lyfin meira.

Svar EG: Segir að óhófleg fúkkalyfjanoðkun í hvaða dýrategund sem er við hvaða sýkingu sem er sé ekki góð. Ónæmisgen geti flust á milli óskyldra baktería og úr bakteríum í einni dýrategund yfir í bakteríu á annarri tegund.

Jónína Rós Guðmundsdóttir (JRG) spyr um áframhaldandi rannsóknavinnu. Hvenær telja menn að það sé eðlilegt að fara í markaðsátak? Spyr hvernig útflutningur fari af stað, hægt og rólega eða á fullu gasi?

Svar EG: Segir að rannsóknnum sé alls ekki lokið og að það sé ekki búíð að útiloka að veira hafi átt þátt í þessum sjúkdómi.

Svar GÖG: Segir að útflutningur muni fara rólega af stað. Fyrst verði flogið til Liege í Belgíu.

Björgvin Þórisson (BP) spyr hvort að það sé möguleiki að þetta sé svipað og kennel hósti, blanda af bakteríum og veirum?

Svar EG: Segir að sjúkdómurinn minni um margt á kennel hósta og það sé vel inni í myndinni. Rannsóknirnar bendi ekki til að svo sé en þeim sé þó ekki lokið.

Björn Steinbjörnsson (BS) spyr hvers vegna viðbragðsáætlun hafi ekki verið virkjuð strax og hvers vegna sjúkdómurinn sé ekki kallaður alvarlegur öndunarþærasjúkdómur?

Svar SB: segir viðbragðsáætlun ekki hafa verið virkjuð í upphafi því hún hafi þá verið komin út um allt land. Smitefnið var komið um allt.

Sveinn Steinarsson (SS) bendir á að heimasíða MAST sé ekki besti miðillinn til þess að upplýsa fólk um stöðu sjúkdómsins. Það verði að koma fram á fleiri miðlum og í blöðum einnig. Segir að hestamenn séu komnir með ótrú á dýralækna og á stöðuna í heild sinni. Spyr hvort að skráð sé þau folöld sem hafa verið að drepa af völdum veikinnar? Spyr einnig hvort að ekki sé hægt að hafa landsráð dýralækna svo að það komi fram fréttir frá öllum fjórðungum.

ÁS fundarstjóri segir að ekki gefist tími til fleiri spurninga. Tekur undir það að hestamenn verði að standa þétt saman í þessari veikni en jafnframt vera opin fyrir gagnrýni. Segir að upplýsingaflæði verði að vera meira. Býður frummælendum að segja sín lokaorð og biður svo fundarhaldara um að slíta fundinum. Þakkar fyrir sig.

Að lokum segir SB að hrossin séu búin að ná upp ákveðnu ónæmi og að óbeina smitið sé ekki eins sterkt.

Núna með haustinu skapist tækifæri því miklu færri hestar eru veikir nú og minna smitefni í umferð. Því ætti að vera hægt að halda betur utan um sjúkdóminn.

GÖG segir að lokum að það sé ekkert sem bendi til þess að þessi sjúkdómur tengist herpes veirunni, það hafa engar veirur fundist. Vill að fólk standi saman og kveði niður ómarktækan orðróm.

VS segir að lokum að mikill efniviður hafi fengist út úr smittilauninni. Það sé efniviður sem mun nýtast vel til skoðunnar á mögulegum þætti veira í faraldrinum.

HP þakkar fyrirlesurum fyrir erindin og fundargestum fyrir finar fyrirspurnir. Telur að það sé mikið atriði að þær upplýsingar sem komið er á framfæri séu samræmdar. Hvetur til þess að hestamenn standi þétt við bakið á fyrirlesurunum sem vinnur allan sólarhringinn að rannsóknum pestarinnar. Leggur til að fundað verði með þeim hestamannafélögum sem eru í þéttum hesthúsakjörnum til að upplýsa þá um betur um smitvarnir. Að lokum gerir HP þá kröfu til dýralækna að hestamenn séu ekki að fá misvísandi skilaboð frá þeim, upplýsingar verða að vera samræmdar.

Sigrún Ólafsdóttir (SÓ) þakkar fyrir fundinn. Telur að það sé mjög mikilvægt fyrir haustið að það verði meira og samstilltara upplýsingaflæði til almennra hestamanna á mannamáli. Fólk er hrætt og það er haustveður framundan. Leggur til að haldin verði kynning eða málþing fyrir almenning, þar sem hægt verður að svara fyrirspurnum fólks.

Kristinn Guðnason (KG) vill svara Jónínu Rós Guðmundsdóttur betur og telur að um þetta leyti sé rétti tíminn að fara í markaðsáttak. Samtökin innan hestamenskunnar hafa verið að bíða eftir meiri upplýsingum sem nú hafa fengist. Þakkar fyrir fundinn og þakkar frummælendum fyrir fyrirlestra sína. Segir að lokum að hann beri til þeirra fullt traust. Þakkar fundarstjóra fyrir.

Fundi slitið,
Þórdís Gylfadóttir.